

Ár 2011, mánudaginn 7. febrúar, var í Félagsdómi í málinu nr. 10/2010.

Læknafélag Íslands
gegn
íslenska ríkinu f.h.
Landspítalans

kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R :

Mál þetta var dómtekið 15. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.
Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Kristján Torfason og Ástráður Haraldsson.

Stefnandi er Læknafélag Íslands, Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli, Reykjavík, fyrir hönd Landspítala, Eiríksgötu 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum í grein 8.5.1 í kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og St. Franciskuspítala annars vegar og Læknafélags Íslands hins vegar með því að hafna námsleyfisumsókn Huldu Rósu Þórarinsdóttur, kt. 120878-3609, lækni á svæfinga- og gjörgæsludeild LSH frá 15. janúar 2010.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi, íslenska ríkið, verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda

Stefndi gerir þá kröfu að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Málavextir

Í máli þessu sé deilt um túlkun á ákvæði í grein 8.5.1 í kjarasamningi Læknafélags Íslands og íslenska ríkisins um greiðslu á ferða- og dvalarkostnaði á námsferðum lækna.

Málsatvik eru þau að Hulda Rósa Þórarinsdóttir var deildarlæknir á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) og félagsmaður í stefnanda. Hinn 15. janúar 2010 sótti hún um að fá að fara í 6 daga ferð á málþing svæfingarlækna í Bandaríkjunum, „47th annual New York anesthesiology review“, sem haldið er af „The Department of Anesthesiology Mount Sinai School of Medicine“ dagana 13.-17. mars 2010. Hún hefur unnið á svæfingar- og gjörgæsludeild LSH frá 1. nóvember 2007. Hún var í fæðingarorlofi 25. febrúar til 31. desember 2008 en vann allt árið 2009 á deildinni. Hún undirbjó ferðina og óskaði eftir að fá að ganga frá henni fyrst munnlega og síðan með tölvupósti frá 10. febrúar 2010.

Umsókn Huldu Rósu var hafnað af framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs LSH, og vísað til nýrra verklagsreglna frá nóvember 2009. Hulda Rósa óskaði eftir endurskoðun á þessari ákvörðun í tölvupósti 11. febrúar 2010 og barst svar 12. febrúar 2010. Stefndi, LSH, hafnaði beiðni stefnanda og vísaði til þess að umsóknirnar uppfylltu ekki það skilyrði kjarasamninga að vera „tengd sérstökum rannsóknar- eða vísindaverkefnum sem hann vinnur að og tengist ennfremur starfssviði og verkefnum viðkomandi deildar“.

Stefnandi telur umdeilt kjarasamningsákvæði kveða á um skýran rétt læknis til námsferðar uppfylli hann skilyrði til þess. Stefnanda sé nauðsynlegt að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi til að fá einhliða túlkun stefnda, LSH, á þessu atriði hnekk.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi gerst brotlegur við ákvæði 8.5.1 í kjarasamningi aðila frá 5. mars 2006, sem framlengdur var með samkomulagi aðila 1. október 2008 og 7. júlí 2009, en samningurinn gildir til 30. nóvember 2010.

Ákvæði gr. 8.5.1 er svohljóðandi:

Kandidat/læknir án sérfræðileyfis sem ráðinn er til 1 árs eða lengur á sömu deild, skal hafa rétt til 7 daga námsferðar fyrir hverja 12 mánuði enda sé námsferðin tengd sérstökum rannsóknar- og vísindaverkefnum sem hann vinnur að og tengist ennfremur starfssviði og verkefnum viðkomandi deildar. Leita skal umsagnar yfirlæknis viðkomandi deildar áður en leyfi til slíkrar ferðar er veitt.

Ákvæði kjarasamnings kveði þannig á um rétt starfsmannsins til námsferðar enda hafi tiltekin skilyrði verið uppfyllt. Skilyrðin lúti bæði að starfsaldri viðkomandi læknis og einnig því hvort viðkomandi námsferð hafi faglegan tilgang.

Hulda Rósa Þórarinsdóttir hafi uppfyllt öll skilyrði fyrir rétti til 7 daga námsferðar:

- hún hafði starfað lengur en eitt ár á svæfinga- og gjörgæsludeild LSH
- námsferðin tengdist sérstökum rannsóknar- og vísindaverkefnum sem hún vann að
- námsferðin tengdist starfssviði og verkefnum deildarinnar
- jákvæð umsögn yfirlæknis deildarinnar lá fyrir þegar sótt var um leyfið

Hulda Rósa Þórarinsdóttir hafði unnið að tveimur rannsóknum sem beint snertu það viðfangsefni sem rætt var á námsstefnunni sem hún hugðist sækja. Annars vegar rannsókn sem laut að árangri af gjöf fibrinogens, hins vegar rannsókn sem laut að fyrirbyggjandi meðferð gegn bláðasegum og lungnablóðreki. Umfjöllunarefni námsstefnunnar sem hún hugðist sækja hafi snert beint starfssvið og verkefni svæfingadeildar LSH, enda fjallað þar um ýmis þau verkefni og vandamál sem verið sé að fást við á deildinni. Grein Huldu Rósu um rannsókn af gjöf fibrinogens hafi nú verið samþykkt til birtingar í ACTA ANASTESIOLOGICA, norræna vísindaritinu um svæfingalækningar, sem einungis birti ritrýndar greinar.

Synjun umsóknar á þeim grundvelli að Hulda Rósa hefði ekki stundað rannsóknir hafi komið henni mjög á óvart þar sem hún hefði lagt sig sérstaklega eftir að ná tökum á vinnubrögðum við rannsóknarvinnu, m.a. sótt tölfræðinámskeið og unnið að greinarskrifum m. a. undir handleiðslu prófessors.

Það sé skilningur stefnanda að einungis yfirlæknir deildar sé bær til að meta hinn faglega hluta skilyrðanna, þ.e. að námsferðin tengist sérstökum rannsóknar- og vísindaverkefnum og að hún tengist starfssviði og verkefnum deildarinnar. Yfirlæknir hafði veitt jákvæða umsögn vegna ferðarinnar.

Í afstöðu stefnda komi fram sá skilningur að yfirlæknar séu ekki ákvörðunaraðilar heldur umsagnaraðilar eins og fram komi í tilvitnaðri kjarasamningsgrein. Þessum skilningi sé stefnandi algerlega ósammála. Þótt í kjarasamningi segi að leita skuli umsagnar yfirlæknis sé það augljóst að aðrir en yfirlæknar hafi ekki þá faglegu yfirsýn að geta lagt hlutlægt mat á það hvort þau skilyrði séu til staðar í umrætt sinn, annars vegar að námsferð tengist sérstökum rannsóknar- og vísindaverkefnum sem starfsmaður vinni að og hins vegar að námsferð tengist starfssviði og verkefnum deildar. Enn fremur megi benda á að yfirlæknir sem sé ábyrgur fyrir að vinna gangi eðlilega fyrir sig á deild verði að ákveða hvort það gangi upp vinnulega séð að senda lækni á þing erlendis. Þannig sé

samþykki yfirlæknis trygging fyrir því að vinnan gangi eðlilega á deildinni meðan á leyfinu standi um leið og það sé heimild fyrir því að starfsmaður fái leyfið.

Viðhorf framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs virðist vera það að námsferðir séu einungis fyrir þá sem séu að kynna eigin vísindavinnu á þingum erlendis. Sá skilningur eigi sér ekki stoð í kjarasamningi aðila, enda hafi framkvæmd ákvæðisins verið allt önnur og ekki miðað við að einungis þeir sem séu að kynna eigin vísindavinnu á þingum erlendis eigi þess kost að fara í námsferðir. Kjarasamningsákvæðið fjalli um rétt læknis til að sækja námsferðir. Sá réttur sé lítils virði ef hægt sé með vísan til mats aðila sem ekki hafi neina innsýn í faglegan hluta námsferðarinnar að koma í veg fyrir að ferðin sé farin. Samkvæmt codex edicus lækna og læknalögum hvíli enn fremur sú skylda á lækni að afla sér menntunar. Þess vegna sé ákvæði þessa efnis inni í kjarasamningi og sýni það fram á mikilvægi þess. Þau tækifæri sem deildarlækni á svæfingadeild bjóðast til að afla sér viðbótarmentunar séu ekki mörg og því brýnt að þau tækifæri sem bjóðast séu nýtt sem best.

Ekkert í verklagsreglum LSH gefi tilefni til þeirrar túlkunar yfirmanna LSH að hafna eigi umsókn læknis í tilvikum sem þessu, enda sé það atriði sem hér sé deilt um tekið upp orðrétt í verklagsreglurnar úr kjarasamningi aðila. Jafnvel þótt orðalagi hefði verið breytt úr kjarasamningi í verklagsreglur, geti verklagsreglur sem settar séu einhliða af öðrum samningsaðila ekki breytt kjarasamningsbundnum réttindum starfsmanns.

Stefnandi byggir kröfur sínar fyrst og fremst á gildandi kjarasamningi aðila, sem fyrir getur. Stefnandi vísar einnig til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga og meginreglna vinnuréttar. Þá er vísað til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, IV. kafla um Félagsdóm, þ.m.t. 44. gr. að því er varðar lögsögu dómsins í máli þessu.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði byggir á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og til að tryggja skaðleysi sitt sé honum nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda, sbr. málskostnaðarkröfu.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir því að hann hafi gerst brotlegur við ákvæði 8.5.1 í kjarasamningi aðila og byggir á því að stefnandi hafi ekki fullnægt skilyrðum ákvæðisins. Einnig er byggt á því að ákvörðun sú sem tekin var hafi verið lögmæt í alla staði og sé öðru mótmælt sem röngu og ósönnuðu.

Dómkröfur stefnanda séu að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum í grein 8.5.1 í kjarasamningi aðila með því að hafna námsleyfisumsókn stefnanda. Ósamræmi sé milli dómkrafna stefnanda og ástæðna þess að stefnandi telur nauðsynlegt að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi, en í stefnu segir:

Stefnandi telur kjarasamningsákvæðið kveða á um skýran rétt læknis til námsferðar uppfylli hann skilyrði til þess og það sé hlutverk yfirlæknis að meta það hvort faglega hluta skilyrðanna sé fullnægt. Það mat komi fram í umsögn hans. Þess vegna er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi til að fá einhliða túlkun stefnda, LSH, á þessu atriði hnekt.

Annars vegar sé farið fram á viðurkenningu á því að það, að höfnun námsleyfisumsóknar, hafi verið brot á grein 8.5.1 í kjarasamningi. Hins vegar sé ástæða málshöfðunar tilgreind sú að fá hnekt túlkun stefnda á því hvert sé hlutverk yfirlæknis í að meta faglega hluta skilyrðanna í kjarasamningsákvæðinu. Vakin sé athygli á þessu ósamræmi. Þá sé rétt að hnykkja á því að dómkröfur stefnanda snúi að ákvörðuninni sjálfri en ekki hvernig hún var tekin.

Í árslok 2009 hafi framkvæmdastjórn Landspítala ákveðið að grípa til ýmissa niðurskurðaraðgerða. Þar á meðal hafi verið ákveðið að skerpa á túlkun kjarasamningsákvæða og samræma verklag við mat á umsóknum um námsferðir, sem henni hafi verið heimilt að gera innan laga og kjarasamninga. Á fundi framkvæmdastjórnar 9. nóvember 2009 hafi endurskoðaðar verklagsreglur Landspítala um námsferðir lækna verið samþykktar, en eldri verklagsreglur um sama efni voru í gildi frá 1. október 2003. Í nýju verklagsreglunum hafi orðrétt verið tekið upp ákvæði í kjarasamningi Læknafélags Íslands við fjármálaráðherra, sem um sé fjallað í þessu máli, þ.e. gr. 8.5.1. Á fundi framkvæmdastjórnar 19. janúar 2010 hafi verið rædd framkvæmd nýju verklagsreglnanna og hnykkst á mikilvægi þess að samræma vinnubrögð. Á fundi framkvæmdastjórnar spítalans 2. febrúar 2010 var enn rætt um framkvæmd á verklagsreglum um námsferðir lækna og lagt fram minnisblað, dags. 1. febrúar 2010, af Jóni Hilmarí Friðrikssyni, framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs og Lilju Stefánsdóttur framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs. Í minnisblaðinu segir að framkvæmdastjórar klínískra sviða séu sammála um að eina leiðin til þess að draga úr kostnaði sé að fylgja verklagsreglum nákvæmlega og vera í góðri samvinnu við yfirlækna um alla útfærslu. Lögð var fram tillaga að útfærslu á grein 3.3 í verklagsreglunum um námsferðir lækna, (þ.e. sama grein og grein 8.5.1 í kjarasamningi aðila) og var útfærslan eftirfarandi:

- Læknar með lækningaleyfi hafa rétt til námsferða samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum og verklagsreglum LSH.
- Námsleyfi er ekki veitt fyrirfram.
- Læknir sem ráðinn er til árs eða lengur á svið á rétt til námsferðar.
- Sérstök rannsóknar og vísindaverkefni sem umsækjandi vinnur að þurfa að;
 - vera unnin í samvinnu við eða með samþykki viðkomandi yfirlæknis
 - Rannsóknaráætlun skal liggja fyrir og vera samþykkt af vísindasiðanefnd eða sambærilegum aðila.
- Ferð skal hafa skýran tilgang í vísindalegu samhengi.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að styrkja deildarlækna á viðurkennda kúrsa sem tengjast sérfræðinámi viðkomandi einstaklings. Í þessu samhengi er fyrst og fremst átt við þá sem taka megin hluta sérfræðináms á Íslandi.

Umrætt minnisblað hafi verið samþykkt á framkvæmdastjórafundinum auk þess sem ákveðið var að sparnaðarmarkmið yrði óbreytt. Því liggi fyrir samþykki framkvæmdastjórnar Landspítala um að verklagsreglum um námsferðir lækna skuli fylgt nákvæmlega. Sigurbergur Kárason yfirlæknir hafi upplýst stefnanda um afstöðu framkvæmdastjórnar að þessu leyti, sbr. tölvupóst frá Sigurbergi dags. 11. febrúar 2010.

Á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi, þ.e. deildinni sem stefnandi starfaði á þegar hún sótti um námsleyfið, séu tveir yfirlæknar. Annar yfirlæknirinn sé yfir svæfingunni, þ.e. Sigurbergur Kárason, hinn sé yfir gjörgæslunni, þ.e. Kristinn Sigvaldason. Í stefnu sé fullyrt að „viðkomandi yfirlæknir, Sigurbergur Kárason, hafði samþykkt ferðina“. Þessi fullyrðing sé röng. Hvorki Sigurbergur né Kristinn hafi samþykkt umrædda ferð. Þvert á móti hafði Sigurbergur nefnt við stefnanda að framkvæmd námsferða væri í endurskoðun á spítalanum, þ.e. að verið væri að skoða framkvæmd á kjarasamningsákvæðinu og nefndi hann sérstaklega að óvíst væri að umsókn hennar myndi fara í gegn. Hefði samþykki viðkomandi yfirlæknis legið fyrir, hefði það eitt og sér ekki nægt til að líta svo á að umsókn um námsferð væri samþykkt og geri hvorki kjarasamningur né verklagsreglur spítalans ráð fyrir því. Á Landspítala sé samþykki fyrir námsferðaumsókn háð samþykki tveggja aðila, þ.e. viðkomandi yfirlæknis og viðkomandi framkvæmdastjóra. Samþykktarferlið sem hér um ræðir tryggi faglegt mat á umsókn enda séu yfirlæknar, eins og stefnandi bendir réttilega á, best til þess fallnir að hafa faglega yfirsýn og leggja hlutlægt mat á það hvort tiltekin skilyrði séu til staðar í hverju tilviki. Á því sé byggt af hálfu stefnda að yfirlæknar séu ekki ákvörðunaraðilar heldur umsagnaraðilar og sé öðru mótmælt sem röngu. Í kjarasamningsákvæðinu sem hér um ræðir sé skýrt kveðið á um að yfirlæknar séu umsagnaraðilar í þessu sambandi. Ákvæðið gerir enn fremur beinlínis ráð fyrir því að annar en umsagnaraðili veiti leyfið. Miðað við

orðanna hljóðan mætti jafnvel líta svo á að enda þótt umsögn yfirlæknis væri á þá leið að umsækjandi ætti ekki að fá tiltekna námsferð samþykkt, gæti sá aðili sem stofnun hafi ákveðið að hafi til þess vald, engu að síður veitt leyfi til slíkrar ferðar. Á Landspítala hafi verið ákveðið að framkvæmdastjóri viðkomandi sviðs sé til þess bær aðili að taka ákvarðanir um að veita leyfi til námsferðar enda séu það framkvæmdastjórar á Landspítala sem beri ábyrgð á samræmdum vinnubrögðum en ekki þeir 90 yfirlæknar sem starfa á spítalanum. Undirskriftir Kristins Sigvaldasonar yfirlæknis og Lilju Stefánsdóttur framkvæmdastjóra séu á umsóknareyðublaði auk undirritunar stefnanda. Engin umsögn yfirlæknis sé rituð á umsóknareyðublaðið og sé ekki að finna meðmæli yfirlæknis með því að stefnandi fari á umrætt námskeið. Á því sé byggt að höfnun umsóknar hafi verið lögmæt í alla staði og sé öðru mótmælt sem röngu.

Í því tilviki sem hér um ræði hafi það verið mat framkvæmdastjóra að skilyrði til námsferðar væru ekki uppfyllt og geti aðilar sem bera ábyrgð á faglega matinu ekki hnekkst því, enda hafi það ekki verið reynt. Í athugasemdareit umsóknareyðublaðsins vísi framkvæmdastjórinn til nýrra verklagsreglna frá nóvember 2009. Þetta atriði hafi þegar verið útskýrt hér að framan. Ekki var verið að þrengja skilyrði samkvæmt kjarasamningi.

Fullyrt sé í stefnu að stefnandi hafi uppfyllt öll skilyrði fyrir rétti til 7 daga námsferðar. Sú fullyrðing sé röng og sé henni mótmælt. Eins og fram komi í tölvupósti framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs til Sólveigar Jóhannsdóttur, framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands, dags. 28. febrúar 2010 hafi framkvæmdastjóranum engar upplýsingar borist um rannsóknir stefnanda.

Umsækjendur um námsferðir geti ekki ætlast til að það sé alkunna að þeir stundi rannsóknir sem tengjast starfssviði þeirrar deildar sem þeir starfi á. Í tilviki stefnanda hafi það síður en svo verið alkunna að hún stundaði slíkar rannsóknir, og enn síður að hún ynni þær í samvinnu við, eða með samþykki viðkomandi yfirlæknis. Þar sem viðkomandi yfirlæknir hefði aldrei heyrt minnst á að stefnandi stundaði rannsóknir eða vísindavinnu hafi ekki verið gengið á eftir stefnanda um að skila inn gögnum til staðfestingar því þegar hún skilaði inn umsókn sinni. Framkvæmdastjóri Læknafélags Íslands hafi sent framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs tvo abstrakta sem stefnandi hafði sent inn á svæfinga- og skurðlæknaþing 2010. Það sé af og frá að sendingar frá framkvæmdastjóra stéttarfélags séu kvittun fyrir því að viðkomandi umsækjandi uppfylli þau faglegu skilyrði sem sett séu í ofangreindu kjarasamningsákvæði. Auk þess vill stefndi nefna að ef stefnandi hefði sent viðeigandi upplýsingar um rannsóknir eða vísindaverkefni sem hún vann að, hefði að sjálfsögðu þurft að fara fram faglegt mat á þeim gögnum og umfangi rannsóknarvinnunnar. Eins og nefnt hafi verið, hafi framkvæmdastjórn samþykkt með formlegum hætti (minnisblað, dags. 1. febrúar

2010), hvaða viðmið skyldi leggja til grundvallar við faglegt mat á því hvenær umsækjandi uppfyllti skilyrði kjarasamningsákvæðis um „sérstakt rannsóknar- eða vísindaverkefni“. Þannig hefði í framhaldinu t.d. farið fram skoðun á því hvort fyrir lægi rannsóknaráætlun, samþykkt af siðanefnd.

Eins og fram kom í tölvuskeytum hafi framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs leitað til Sigurbergs Kárasonar yfirlæknis, og óskað eftir upplýsingum um hvort stefnandi hefði stundað rannsóknir. Honum hafi ekki verið kunnugt um að stefnandi hefði stundað slíka vinnu. Á þeim tíma þegar unnið var að endurmati á umsókn stefnanda ráðfærði framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs sig við fleiri aðila, s.s. Kristján Erlendsson, framkvæmdastjóra vísinda- mennta- og gæðasviðs og hafi hann verið sammála afgreiðslu framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs og ekki talið rök fyrir því að breyta ákvörðun um höfnun á seinni stigum málsins.

Ein af málsástæðum stefnanda gangi út á að samkvæmt siðareglum lækna og læknalögum hvíli skylda á lækni til að afla sér menntunar og að þess vegna sé ákvæði þessa efnis inni í kjarasamningi og sýni mikilvægi þess. Stefndi bendir á þá staðreynd að í lögum allra heilbrigðisstétta sé kveðið á um skyldu stéttanna til að afla sér menntunar og séu ákvæði þessa efnis keimlík. Því séu lækna ekki í sérflokkum að þessu leyti. Þá kveði engin lög á um rétt lækna til námsferða heldur sé einungis fjallað um þann rétt í kjarasamningi.

Til útskýringar sé rétt að nefna að ástæða þess að Kristinn Sigvaldason yfirlæknir hafi skrifað undir umsókn stefnanda um námsleyfi, en ekki yfirmaður hennar, þ.e. Sigurbergur Kárason yfirlæknir, sé sú að nefndir yfirlækna hafi skipt með sér verkefnum m.a. á þann hátt að Kristinn fari yfir umsóknir um námsleyfi sérfræðinga og deildarlækna á svæfinga- og gjörgæsludeildinni í Fossvogi. Afgreiðsla Kristins, þ.e. undirskrift hans á umsókn stefnanda, hafi verið í samræmi við framkvæmdavenju sem skapast hefði við samþykktir námsferða lækna. Ekkert faglegt mat hafi farið fram á umsókninni og umsóknargögnum enda hafi Kristni ekki verið kunnugt um nýsamþykkt verklag um námsferðir lækna. Eins og komið hafi fram hafi hugmyndin með endurskoðun verklagsreglnanna um námsferðir lækna, og samþykki umrædds minnisblaðs, m.a. verið sú að breyta þessari framkvæmdavenju sem skapast hefði.

Í stefnu segi að framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs hafi samþykkt námsferðir tveggja deildarlækna. Í tölvupósti stefnanda til Sigurbergs, dags. 11. febrúar 2010, segi stefnandi að hún heyri um að deildarlækna fái samþykktar námsferðir við sömu aðstæður. Eins og fram hafi komið í svari Sigurbergs sé það ekki rétt. Tveir deildarlækna innan skurðlækningasviðs muni hafa fengið samþykktar námsferðir þar sem þeir hafi, í desember 2009, sjálfir verið búnir að greiða að fullu fyrir ráðstefnuna í þeirri vissu að þeir fengju hana samþykta. Framkvæmdastjórinn hafi ákveðið að samþykkja námsferðir þeirra á þeim forsendum, auk þess sem hún

hafi talið að á þeim tíma hefðu nýsamþykktar verklagsreglur um námsferðir lækna ekki skilað sér enn til allra yfirlækna og starfsmanna eins og raunin hafi verið. Gera verði ráð fyrir ákveðnum yfiringstíma þegar stefnumarkandi ákvarðanir séu teknar í framkvæmdastjórn. Umsókn stefnanda sé dagsett 15. janúar 2010, og undirskrift Kristins Sigvaldasonar yfirlæknis sé dagsett sama dag. Hinn 11. febrúar 2010 hafi stefnanda verið tilkynnt að umsókn hennar hefði verið hafnað, sbr. tölvupóst frá Sigurbergi dags. sama dag. Litið var svo á að á þessum tíma hafi nægilega langur tími verið liðinn til að ætla mætti að upplýsingar um ákvarðanir um nýtt verklag hefðu skilað sér til starfsmanna.

Í máli þessu sé deilt um réttmæti höfnunar námsleyfisumsóknar stefnanda. Samkvæmt ofangreindu byggja varnir stefnda m.a. á því að höfnun námsleyfisumsóknarinnar hafi ekki verið brot á umræddu kjarasamningsákvæði. Framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs hafi ekkert haft í höndunum sem gaf vísindaverkefni. Vangaveltur og tilgátur um hvernig afgreiðsla umsóknarinnar hefði verið, hefði stefnandi skilað inn frekari gögnum, eigi ekki við. Engu að síður verði ekki hjá því komist að nefna nokkur atriði í því sambandi. Þegar ráðstefnugögnin, sem prentuð voru út af Netinu, séu skoðuð, sé ljóst að umrædd ráðstefna sem stefnandi sóttist eftir sé ekki hefðbundið rannsóknar- eða vísindapíng, heldur sé um að ræða svokallað *Review eða course* (upprifjun - yfirlit eða námskeið) sem hafi sérstaklega verið ætlað sérfræðingum í svæfingum, þeim sem starfa við svæfingar, séu t.d. að undirbúa sig fyrir sérfræðipróf, sem og þeim sem séu að undirbúa sig fyrir próf til að viðhalda réttindum sínum. Því verði ekki með nokkru móti haldið fram að umrætt námskeið geti flokkast sem ráðstefna sem tengist rannsóknar- eða vísindaverkefni sem stefnandi hafi verið að vinna að og sé því mótmælt. Stefndi mótmælir því að hann hafi gerst brotlegur við ákvæði 8.5.1 í kjarasamningi aðila. Hann mótmælir því einnig að stefnandi fullnægi skilyrðum ákvæðis 8.5.1 í kjarasamningi aðila fyrir rétti til 7 daga námsferðar. Þá byggir stefndi einnig á því að ákvörðun sú sem tekin var hafi verið lögmæt í alla staði og sé öðru mótmælt sem röngu og ósönnuðu.

Stefndi bendir á að í umsókninni sé tilgreind sem ástæða fyrir umsókn að stefnandi stefni á sérnám í svæfingu og gjörgæslu og að tilgreint námskeið væri góður undirbúningur fyrir það nám. Það sé mat stefnda að sú ástæða sem þar sé gefin sé ekki í samræmi við ákvæði kjarasamnings sem um sé deilt í þessu máli en í ákvæði 8.5.1 í kjarasamningi segir m.a.: „...enda sé námsferðin tengd sérstökum rannsóknar- eða vísindaverkefnum sem hann vinnur að og tengist ennfremur starfssviði og verkefnum viðkomandi deildar.“ Á því sé byggt að umsókn stefnanda fullnægi ekki þeim kröfum sem gerðar séu í ákvæðinu.

Á því sé byggt af hálfu stefnda að stefnandi hafi ekki uppfyllt skilyrði fyrir rétti til 7 daga námsferðar sem fram koma í kjarasamningi og sé öðru mótmælt sem röngu og ósönnuðu.

Það sé rangt sem fram komi í stefnu að yfirlæknir hafi veitt jákvæða umsögn vegna ferðarinnar.

Stefndi mótmælir öllum rökum og málsástæðum stefnanda.

Stefndi vísar til laga nr. 80/1938, IV. kafla um Félagsdóm. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um túlkun á ákvæði í grein 8.5.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og St. Franciskuspítala annars vegar og Læknafélags Íslands hins vegar, dags. 5. mars 2006, og sem framlengdur var með samkomulagi aðila 1. október 2008 og 7. júlí 2009 með gildistíma til 30. nóvember 2010. Málið á því undir Félagsdóm samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. laganna.

Stefnandi gerir kröfu til þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið gegn greindu ákvæði kjarasamningsins með því að hafna námsleyfisumsókn Huldu Rósu Þórarinsdóttur, læknis á svæfinga- og gjörgæsludeild LSH, frá 15. janúar 2010.

Hið umdeilda kjarasamningaákvæði hljóðar svo:

Kandidat/læknir án sérfræðileyfis sem ráðinn er til 1 árs eða lengur á sömu deild, skal hafa rétt til 7 daga námsferðar fyrir hverja 12 mánuði enda sé námsferðin tengd sérstökum rannsóknar- og vísindaverkefnum sem hann vinnur að og tengist enn fremur starfssviði og verkefnum viðkomandi deildar. Leita skal umsagnar yfirlæknis viðkomandi deildar áður en leyfi til slíkrar ferðar er veitt.

Eins og fram er komið sótti Hulda Rósa Þórarinsdóttir læknir um námsleyfi til að sækja námskeið svæfingalækna í Bandaríkjunum, „47th annual New York anesthesiology review“, dagana 13.-17. mars 2010, með umsókn dags. 15. janúar 2010, sem árituð var sama dag af Kristni Sigvaldasyni yfirlækni. Umsókn hennar var hafnað af framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs með vísan til nýrra verklagsreglna framkvæmdastjórnar Landspítala frá því í nóvember 2009. Samkvæmt þeim verklagsreglum, eins og þær hafa verið útfærðar af hálfu framkvæmdastjórnar Landspítala, skal ferð hafa skýran tilgang í vísindalegu samhengi. Sérstök rannsóknar- og vísindaverkefni sem umsækjandi vinnur að þurfa að vera unnin í samvinnu við eða með samþykki viðkomandi yfirlæknis. Rannsóknaráætlun skal liggja fyrir og vera samþykkt af vísindasiðanefnd eða sambærilegum aðila. Hefur Lilja Stefánsdóttir framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs staðfest fyrir dómi að umsókninni hafi verið

hafnað á þeim grundvelli að umsækjandi hafi ekki uppfyllt skilyrði kjarasamnings um vísindalegar rannsóknir.

Í umsókn Huldu Rósu Þórarinsdóttur kemur fram að hún stefni á sérnám í svæfingu og gjörgæslu og námskeiðið væri góður undirbúningur fyrir það nám. Ekkert er minnst á þær tvær rannsóknir sem umsækjandi hafði unnið að á svæfingardeildinni um árangur af gjöf fibrinogens og um árangur LSH í fyrirbyggjandi meðferð gegn bláðasegum og lungnablóðreki. Ekki liggur fyrir að Kristinn Sigvaldason yfirlæknir, sem áritaði umsókn Huldu Rósu, hafi með því lagt faglegt mat á umsóknina, þar sem umsögn hans skortir. Hins vegar hefur Sigurbergur Kárason, yfirlæknir svæfinga- og gjörgæsludeildar Landspítalans, skýrt frá því fyrir dómi að hann hafi fyrir sitt leyti samþykkt að hún væri fjarverandi frá deildinni á þessum tíma en honum hafi verið ókunnugt um þær rannsóknir, sem umsækjandi stundaði.

Kristján Erlendsson, læknir, framkvæmdastjóri vísinda, mennta- og gæðasviðs Landspítalans, skýrði frá því fyrir dómi að hann hefði verið sammála framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs um að hafna umsókninni. Um hafi verið að ræða námskeið frekar en vísinda- eða rannsóknarþing og tengdist það ekki vísindastarfi umsækjanda.

Lilja Stefánsdóttir framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs skýrði frá því fyrir dómi að nýjar verklagsreglur vegna námsferða væri hluti af hagræðingaraðgerðum spítalans sem tækju stífari mið af ákvæðum kjarasamnings, en verið hefði. Endanleg ákvörðun um námsferðir lækna væri í höndum framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs, en yfirlæknar væru umsagnaraðilar þar um.

Í greindu kjarasamningsákvæði kemur fram það skilyrði að námsferð sé tengd sérstökum rannsóknar- og vísindaverkefnum sem umsækjandi vinnur að. Í þeirri umsókn sem hér um ræðir er rannsóknarverkefna í engu getið, enda liggur ekki fyrir að þær rannsóknir sem umsækjandi hafði unnið að tengdist sérstaklega því námskeiði sem sótt var um. Framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs Landspítala, sem hafnaði umsókn Huldu Rósu Þórarinsdóttur, kvaðst áður hafa ráðfært sig við Sigurberg Kárason yfirlækni, Kristján Erlendsson, lækni og framkvæmdastjóra vísinda, mennta- og gæðasviðs Landspítalans, og Gísla H. Sigurðsson, prófessor í svæfingalækningum. Verður því ekki annað séð en lagt hafi verið faglegt mat á umsóknina áður en henni var hafnað endanlega.

Þegar framangreint er virt í ljósi skilyrðis hins umdeilda kjarasamningsákvæðis um rannsóknar- og vísindaverkefni verður ekki fallist á að stefndi hafi brotið gegn greindu ákvæði kjarasamningsins með því að hafna námsleyfisumsókn Huldu Rósu Þórarinsdóttur.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, íslenska ríkið f.h. Landspítalans, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Læknafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Eggert Óskarsson

Gylfi Knudsen

Kristján Torfason

Kristjana Jónsdóttir

Ástráður Haraldsson